

Samþykktir fyrir Héraðsnefnd Snæfellinga.

I. Heiti nefndarinnar, tilgangur og verkefni.

1. grein.

Heiti nefndarinnar er Héraðsnefnd Snæfellinga.
Starfssvæði nefndarinnar er Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla
Merki nefndarinnar er merki Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

2. grein.

Tilgangur nefndarinnar er að annast sameiginleg málefni sýslunnar og verkefni, sem varða öll aðildarsveitarfélögin og sveitarstjórnir fela henni. Héraðsnefnd getur ályktað um hvert það efni, er hún telur varða héraðið og hagsmuni þess.

Verkefni nefndarinnar eru meðal annars eftirfarandi:

1. Að kjósa fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem Héraðsnefnd á fulltrúa í eða hún ákveður að starfi á sínum vegum. Fyrir þær nefndir sem starfa á vegum Héraðsnefndar skal setja reglugerðir. Kosnir eru fulltrúar í eftirtaldar nefndir og ráðnir til fjögurra ára*:

- a) Þjóðlendunefnd,
 - b) Framkvæmdastjórn Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla,
 - c) Framkvæmdaráð Green Globe 21,
 - d) Breiðafjarðarnefnd Umhverfiráðuneytis,
- e) Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands,
- f) Héraðsráð fer með málefni búfjáreftirlitsnefnda sbr. reglugerð um búfjáreftirlit nr. 743/2002.

2. Að fjalla um sveitarstjórnarmál, sem varða sýsluna í heild svo og tillögur um hvað eina, sem verða má Snæfellingum til gagns og framfara og aðildarsveitarfélögin verða sammála um að fela nefndinni. Má þar m.a. nefna; samgöngumál, skóla-, fræðslu- og félagsmál, atvinnumál, almannavarnir og öryggismál, svæðaskipulag og byggðaáætlanir, heilbrigðismál, safna- og menningarmál og sameiginleg hátíðarhöld í héraðinu.

II. Stjórn, aðild, kjörgengi og fulltrúar í Héraðsnefnd.

3. grein.

Með stjórn nefndarinnar fara:

1. Aðalfundur Héraðsnefndar
2. Héraðsráð

4. grein.

Aðild að Héraðsnefnd Snæfellinga eiga öll sveitarfélög innan Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og hafa öll sveitarfélög á því svæði sjálfstæða aðild að Héraðsnefndinni.

Á fyrsta fundi að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa í Héraðsnefnd til fjögurra ára. Kjörgengir eru aðalmenn og varamenn í sveitarstjórn og framkvæmdastjórnar sveitarfélaga. Sé íbúafjöldi sveitarfélags innan við 200 íbúa kys sveitarstjórn einn fulltrúa í Héraðsnefnd en tvo fulltrúa ef íbúar eru 200 - 500, en þrjá fulltrúa ef íbúafjöldinn er 501 - 1000, fjóra fulltrúa þegar íbúar eru 1001 - 1500 en fimm fulltrúa fyrir íbúafjöldann 1501 - 2500. Kjósa skal jafnmarga

varafulltrúa. Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum eiga rétt til setu á fundum Héraðsnefndar án atkvæðisréttar.

III. Fundir, boðun, réttindi og skyldur héraðsnefndamanna

5. grein.

Héraðsnefnd skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Skytt er formanni að boða til fundar, ef þriðjungur héraðsnefndarmanna óskar þess.

6. grein.

Formaður héraðsráðs boðar fundi Héraðsnefndar og ákveður fundarstað og fundartíma í samráði við Héraðsráð. Fundir Héraðsnefndar skulu boðaðir á tryggilegan hátt með dagskrá og minnst sjö daga fyrirvara. Um boðun funda og fundarsköp Héraðsnefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 m.s.br., eftir því sem þau eiga við. Sömu lög eiga við um réttindi og skyldur héraðsnefndarmanna. Formaður Héraðsráðs boðar fyrsta fund nefnda á vegum Héraðsnefndar.

7. grein.

Formaður héraðsráðs setur fund, stjórnar umræðum og afgreiðslum á fundum Héraðsnefndar eða tilnefnir til þess fundarstjóra. Hann sér um að fundargerðir séu rétt færðar til bókar og skipar fundarritara.

8. grein.

Héraðsnefnd er því aðeins ályktunarfær, að meira en helmingur héraðsnefndarmanna sé mættur á fundinn. Við atkvæðagreiðslur ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn fellur málið, en við kosningar ræður hlutkesti milli þeirra sem jöfn atkvæði hafa. Samþykki 2/3 hluta kjörinna fulltrúa þarf til að ákvarðanir Héraðsnefndar um fjárfestingar og stærri ólögbundin útgjöld og skuldbindingar öðlist gildi.

IV. Aðalfundur

9. grein.

Aðalfundur Héraðsnefndar skal haldinn fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Þó skal aðalfundur haldinn fyrir lok júnímánaðar það ár sem sveitarstjórnarkosningar fara fram. Til Aðalfundar skal boðað með sannanlegum hætti með minnst 2 vikna fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboðinu. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögur til breytinga á samþykktum nefndarinnar, skal greina meginefni þeirra í fundarboði.

Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað og hann sækja að minnsta kosti helmingur kjörinna fulltrúa. Reynist aðalfundur ólögmætur, skal boðað til hans að nýju innan mánaðar, með 7 daga fyrirvara og þess getið í fundarboði að fundurinn sé haldinn í stað fyrri fundar án tillits til fundarsóknar.

Verkefni aðalfundar eru;

- a) að fjalla um skýrslu Héraðsráðs,
- b) að ákvarða árgjald sveitarfélaga til Héraðsnefndar,
- c) að ákveða þóknun vegna funda til stjórnarmanna og fulltrúa í nefndum á vegum Héraðsnefndar.
- d) að fjalla um reikninga og fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár,
- e) að kjósa fulltrúa í nefndir og ráð,

- f) að kjósa formann og 4 aðalmenn í Héraðsráð og jafnmarga til vara samkvæmt tilnefningu sveitarfélaga.
- g) að kjósa 2 skoðunarmenn ársreikninga og jafnmarga til vara,
- h) önnur löglega uppborin mál.

10. grein.

Formaður Héraðsráðs skal setja aðalfund og stjórna honum eða tilnefna fundarstjóra. Fundarstjóri kannar lögmati aðalfundar. Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðarbók. Í fundargerðarbók skal skrá ákvarðanir aðalfundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá um viðstadda fulltrúa skal færa í fundargerðarbók. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðina.

V. Héraðsráð.

11. grein.

Héraðsnefnd kýs á aðalfundi formann og fjóra meðstjórnendur í Héraðsráð til tveggja ára í senn og jafnmarga til vara. Snæfellsbær Stykkishólmsbær, Grundarfjarðarbær Eyja- og Miklaholtshreppur og Helgasfellssveit tilnefna einn hvert sveitarfélag og jafn marga til vara. Héraðsráð fer með verkefni Héraðsnefndar milli aðalfunda. Formaður kemur fram fyrir hönd nefndarinnar, nema að hann ákveði annað. Héraðsráði er heimilt að fela öðrum aðila, eftir því sem henta þykir, ákveðin verkefni. Starfsmaður Héraðsnefndar á seturétt á fundum Héraðsráðs með málfrelsi og tillögurétt. Héraðsráðsmönnum skal greiddur ferðakostnaður vegna funda,. Sama gildir um nefndarmenn í nefndum Héraðsnefndar.

12. grein.

Meginverkefni Héraðsráðs eru:

- a) að fara með framkvæmda- og fjármálastjórn Héraðsnefndar.
- b) að hafa eftirlit með fjárreiðum Héraðsnefndar og undirbúa fjárhagsáætlanir hennar.
- c) að sjá til þess að skipulag og starfsemi Héraðsnefndar séu í góðu horfi,
- d) að ráða starfsmenn og setja þeim erindisbréf,
- e) að fylgjast með starfi nefnda Héraðsnefndar og setja þeim reglugerðir,
- f) að framfylgja samþykktum Héraðsnefndar,

13. grein.

Formaður boðar Héraðsráðið til fundar og stýrir þeim. Strax að afloknum kosningum skal halda stjórnarfund. Skytt er að boða til fundar ef einn eða fleiri héraðsráðsmenn óska þess. Héraðsráð er ákvörðunarbært þegar meirihluti stjórnar sækir fundi. Halda skal gerðarbók um fundi stjórnar.

14. grein.

Héraðsráð ræður stefnumörkun nefndarinnar og hefur eftirlit með að starfsemin sé rekin lögum samkvæmt. Héraðsráð skal leggja drög að starfsáætlun nefndarinnar á komandi ári og setja hverjum þætti í starfi nefndarinnar rekstrarmarkmið. Allir Héraðsráðsmenn skulu taka þátt í þessari starfs- og stefnumótun.

VI. Framkvæmdastjórn

15. grein.

Formaður Héraðsráðs annast framkvæmdastjórn Héraðsnefndar. Nefndinni er heimilt að ráða starfsmann í hlutastarf eða fullt starf. Héraðsráð ákveður hver skuli annast fjárreiður og bókhald nefndarinnar.

VII. Reikningar, endurskoðun og fjármál.

16. grein.

Starfsár nefndarinnar og reikningsár er frá 1. janúar -31. desember. Héraðsráð semur á hverju ári ársreikning, sem hefur að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Ársreikningur skal gerður að góðri endurskoðunarvenju, er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun, skýringar og heiti liða.

Í ársskýrslu skal gefa upplýsingar, sem eru mikilvægar við mat á fjárhagslegri stöðu nefndarinnar og afkomu á reikningsárinu, sem ekki koma fram á efnahags- og rekstrarreikningi eða í skýringum með þeim. Þetta á einnig við um mikilvæg atriði, sem fram hafa komið eftir lok reikningsársins. Þá skal ársskýrslan einnig gefa upplýsingar um fjölda starfsmanna á reikningsárinu.

Ársreikningurinn skal vera í samræmi við lög um hlutafélög. Gerð ársreiknings skal lokið í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund ár hvert og hann þá afhentur skoðunarmönnum til endurskoðunar.

17. grein.

Tekjustofnar Héraðsnefndar eru þessir:

- a) tekjur af eignum,
- b) lögboðin framlög ríkis og sveitarfélaga til einstakra verkefna sem undir Héraðsnefnd heyrar,
- c) sala á þjónustu,
- d) framlög sveitarfélaga skv. 20. grein.

18. grein.

Framlög sveitarfélaganna, skiptast eftir íbúatölu þeirra eins og þær eru 1. desember ár hvert og ákvarðast framlagið á aðalfundi Héraðsnefndar. Framlagið er greitt með 1 greiðslu fyrir 1. apríl. Verði dráttur á greiðslum frá sveitarfélögum, skulu reiknaðir af þeim dráttarvextir frá gjalddaga.

19. grein.

Sveitarsjóðir aðildarsveitarfélaga bera einfalda ábyrgð á skuldbindingum Héraðsnefndar, en innbyrðis skiptist ábyrgðin eftir reglum 20. greinar samþykktanna.

VIII. Breytingar á samþykktum

20. grein.

Til breytinga á samþykktum þessum þarf samþykki 2/3 hluta héraðsnefndarmanna á aðalfundi, nema um sé að ræða breytingu sem leiðir af breyttri löggjöf. Tillögur um breytingar á samþykktum skal getið í fundarboði.

IX. Slit á Héraðsnefndarsamstarfi.

21. grein.

Með tillögur um slit á samstarfinu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum, hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu nefndarinnar við aðrar nefndir og um sölu á öllum eignum þess.

Ákvörðun um slit skal tekin af fulltrúum allra aðildarsveitarfélaga.
Héraðsnefndarfundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um að slíta samstarfinu skal ákveða hvort skiptaréttur eða skilanevnd, kosin á fundinum skuli stýra skiptunum.

X. Gildistaka.

22. grein.

Samþykktir þessar taka strax gildi og koma í stað eldri samþykktar sem falla þar með úr gildi.

Samþykkt á stofnfundi 30. september 1989.
Breytingar samþykktar á aukaaðalfundi 14. Apríl 1996.

Breytingar samþykktar á aðalfundi 5. mars 2008.